



Vopnafjarðarskóli

Kennsluáætlanir haust 2016

7. bekkur

Kennarar

Unnur Ósk Unnsteinsdóttir: íslenska, **enska**, samfélagsfræði,

heimilisfræði, **lífsleikni** og uppl.mennt

Sólrún Dögg Baldursdóttir: stærðfræði

Sigríður Elva Konráðsdóttir: danska

Kristín Jónsdóttir: náttúrufræði

Baldur Hallgrímsson: hönnun og smíði

Heiðbjört Antonsdóttir: textílmennt

Berglind Wium Árnadóttir: myndmennt

Bjartur Aðalbjörnsson: íþróttir

Efnisyfirlit

Íslenska	3
Stærðfræði	4
Enska.....	5
Danska	5
Náttúrufræði	7
Samfélagsfræði.....	10
Lífsleikni.....	11
Upp- og tölvutækni.....	11
Myndmennt.....	12
Smíði/málmsmíði	12
Textílmennt	14
Heimilisfræði	15
Íþróttir	16

Hæfniviðmið/námslýsing

Helstu viðfangsefni vetrarins eru talað mál og framsögn, ritun, bókmenntir og ljóð, málfræði og stafsetning. Nemendur fara í samræmd próf í september og Stóru upplestrarkeppnina eftir áramót. Í bókmenntum munu nemendur lesa fjölbreytta texta, m.a. í bókinni Blákápa og ýmsa aðra texta sem kennari velur. Í málfræðinni verður unnið með Málrækt 3, en sú bók tekur ansi breitt á atriðum málfræðinnar. Ýmis ritunarverkefni verða lögð fyrir, þ.á.m. kjörbókarritgerð, sóknarskriftarverkefni og önnur minni ritunarverkefni. Unnið er eftir kennsluaðferðinni Orð af orði.

Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat/verkefnaskil
Ágúst	Skólabúðir á Reykjum Ritunarvinna, kynning á Orð af orði, lestur	Orð af orði Lestarbækur	Símat: Verkefni
September	Lestur, málfræði, lesskilningur, undirbúningur fyrir samræmd próf	Gömul samræmd próf og ýmiskonar málfræðiefni. Lesskilningsverkefni af vef.	
Október	Lestur, lesskilningur, ritun og stafsetning	Gagnvirkur lestur, ýmsir textar og verkefni. Yndislestrarbækur. Sóknarskrift (réttur texti) Orð af orði	Símat: Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun.
Nóvember	Undirbúningur fyrir stóru upplestrarkeppni hefst. Ljóð og bókmenntir, talað mál og framsögn, hlustun og áhorf. Bókmenntir, lestur	Gagnvirkur lestur, ýmsir textar og verkefni. Ýmis ljóð eftir íslenska höfunda og textar sem henta til upplesturs. Blákápa. Orð af orði	Símat: Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun.
Desember	Ljóð og bókmenntir, talað mál og framsögn, hlustun og áhorf. Bókmenntir, lestur	Ýmis ljóð eftir íslenska höfunda og textar sem henta til upplesturs. Blákápa. Orð af orði	Símat: Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun.
Janúar	Talað mál og framsögn, hlustun og áhorf. Málfræði, lestur	Gagnvirkur lestur, ýmsir textar og verkefni. Ýmis ljóð eftir íslenska höfunda og	Símat: Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun.

		fjölbreyttir textar sem henta til upplesturs. Orð af orði. Málrækt 3	
--	--	--	--

Námsmat

Bókmenntaverkefni, ljóðaverkefni, ritun, virkni og haustannarpróf.

Stærðfræði

Hæfniviðmið/námslýsing

Að nemandi:

- nái góðum tökum á ákveðnum sviðum stærðfræðinnar sem nýtast þeim í daglegu lífi
- nái tökum á almennum brotum (samlagning og frádráttur), tugabrotum (samlagning, frádráttur, margföldun og deiling), flatarmáli, rúmmáli, flutningum, metrakerfinu, prósentureikningi, hornafræði, neikvæðum tölum, jöfnum, notkun hringfara, tölfræði og notkun vasareiknis
- geri sér grein fyrir mikilvægi og tengslum stærðfræðikunnáttu við hið daglega líf
- vinni skipulega og öðlist sjálfstæði í vinnubrögðum
- þjálfist í þrautalausnum og röksemdafærslum

Unnið er eftir vikuáætlunum. Ný hugtök, tákn og nýjar aðferðir eru kynntar fyrir nemendum með beinni kennslu. Nemendur þjálfast í einstaklingsvinnu sem og para- og hópavinnu. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð, vandaðan frágang og uppsetningu dæma. Nemendur fylgjast að í efnispáttum en komið er til móts við mismunandi vinnuhraða nemenda m.a. með ítarefni. Nemendur skila heimaðæmum reglulega.

Námsefni

Stika 3A og 3B, nemendabók og æfingahefti. Kennsluvefir, þemahefti og annað þjálfunarefni.

Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat/verkefnaskil
Ágúst 4 ke.st.	Upprifjun og undirbúningur fyrir samræmt könnunarpróf. Tölur og tugakerfið.	Stika 3a, bls. 5 – 7.	Virkni.
September 24 ke.st. (18 f. samr.pr.)	Upprifjun og undirbúningur fyrir samræmt könnunarpróf.	Stika 3a, bls. 8 – 13 og 18 – 20. Stika 3a, bls. 14 – 17 og 21 – 24.	Virkni og heimaðæmi.

	Tugakerfið, samlagning og frádráttur, negatífar tölur og tugabrot. Samræmt könnunarpróf 23. sept. Svigar og námundun.		
Október 24 ke.st.	Samlagning og frádráttur með tugabrotum. Tölfræði, myndrit, tíðasta gildi, miðgildi og meðaltal.	Stika 3a, bls. 25 – 28. Stika 3a, bls. 36 – 51.	Virgni, heimadæmi, hópverkefni og kaflakönnun 1.
Nóvember 22 ke.st.	Líkur. Hlutfallareikningur, fjöldi möguleika við röðun, frumtölur og samsettar tölur, margföldun, deiling, töflureiknir.	Stika 3a, bls. 52 – 56. Stika 3a, bls. 64 – 81.	Virgni, heimadæmi og kaflakönnun 2.
Desember 10/11 ke.st.	Svigar í reikningi. Horn og snúningur.	Stika 3a, bls. 82 – 88. Stika 3a, bls. 96 – 104.	Virgni, heimadæmi, paraverkefni og kaflakönnun 3.
Janúar 10 ke.st.	Hringur, rúmfræðiteikningar, marghyrningar, einslögur og mælikvarði.	Stika 3a, bls. 105 – 122.	Virgni, heimadæmi, tímaverkefni og annarpróf.

Námsmat

Virgni, heimadæmi, hópverkefni, paraverkefni, kaflakannanir og annarpróf.

Enska

Danska

Hæfniviðmið/námslýsing

Nemendur í 7. bekk eru að hefja nám í dönsku. Margir hafa einhverja reynslu af tungumálinu, hafa annað hvort farið til Danmerkur eða horft á danska sjónvarpsþætti. Vonandi er þetta jákvæð reynsla. Í dönskunni verður unnið með hlustun, lesskilning, skriflega- og munnlega tjáningu. Markmiðið er að byggja um grunnorðaforða sem nær yfir daglegt líf. Viðfangsefnin í vetur eru meðal annars:

Ég sjálf/ur – líkaminn – litir og fatnaður – dagarnir – fjölskyldan – árstíðirnar – klukkan – heimilið mitt – afmælisdagurinn Námsefni: *Start (les- og vinnubók) , ýmis spil og leikir, kvikmyndir*

Kaflapróf verða úr námsefninu þar sem prófaður er meðal annars lesskilningur og orðaforði.

Danskar kvikmyndir og sjónvarpsþættir verða notaðar í kennslunni og nemendur vinna verkefni því tengt.

Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat/verkefnaskil
22.-26. ágúst	Nemendur eru í skólabúðum þessa viku.		
29.-2. sept.	Kynning á námsefni og umræður. Hvem er jeg	<i>Start lesbók og Start vinnubók</i> Lesbók bls. 3. Vinnubók bls. 3 – 6.	
5.-10. sept.	Hvor kommer du fra	Lesbók bls. 4 og 5. Vinnubók bls 7 og 8.	
12.-16. sept.	Min krop	Lesbók bls. 6og 7. Vinnubók bls 9, 10 og 11	
19.-24. sept.	Se min krop Hos lægen	Lesbók bls 8. Vinnubók bls 12 og 13. Lesbók bls 9. Vinnubók 14 og 15.	
26.-30. sept.	Av, min hals	Lesbók bls. 10. Vinnubók bls. 16 og 17	
3.-7. okt.	Av, min fod Sådán tegnes Nikolaj	Lesbók bls. 11. Vinnubók bls. 18 og 19. Spil og leg 4.	
10.-14. okt.	Fyrsta kaflaprófið (hvem er jeg? Hvor kommer du fra? Min krop)		Kaflapróf
17.-21. okt.	Þema-danskar kvikmyndir/þættir	Dönsk kvikmynd/þættir	
24.-29. okt.	Þema-danskar kvikmyndir/þættir	Dönsk kvikmynd/þættir Verkefnavinna	Hópverkefni

31.-4. nóv.	Tøj og farver, flotte farver.	Lesbók bls. 12. Vinnubók bls. 20 og 21 Lesbók bls. 13. Vinnubók bls. 22 og 23.	
7.-11. nóv.	Hvilken farve har din bold?	Lesbók bls. 14 og 15 Vinnubók bls. 24 og 25.	
14.-18. nóv.	Se mit tøj A Finn Mia	Lesbók bls. 14 og 15. Vinnubók bls. 24 til 27.	
21.-25. nóv.	Se mit tøj B	Lesbók bls. 16 og 17 Vinnubók bls. 28, 29 og 30.	
28.-2. des.	Dagene Kaflapróf úr Tøj og farver+Dagene	Lesbók bls. 18. Vinnubók bls. 31.	Kaflapróf
5.-9. des.	Familien Snak med din sidemand	Lesbók bls 19 Vinnubók bls 32-33	
12.-16. des.	Sammen med famelien Julehygge	Lesbók bls 20-21 Vinnubók bls	

Námsmat

Kaflapróf 50%

Danskar kvikmyndir og hópverkefni 20%

Ýmis verkefni, vinnubækur 30%

Náttúrufræði

Hæfniviðmið/námslýsing

Stefnt er að því að nemendur:

- temji sér gott skipulag, öguð og vönduð vinnubrögð.
- geti unnið verkefni upp á eigin spýtur.
- geti unnið með öðrum.
- verði færir um að afla heimilda og geti miðlað þeim til annarra.
- sýni frumkvæði og seiglu.
- tileinki sér gagnrýna hugsun.
- tileinki sér vísindaleg vinnubrögð og aðferðir.
- læri að umgangast tæki og tól sem nýtt eru til einfaldra tilrauna.
- geti gert einfaldar tilraunir og túlkað niðurstöður
- tileinki sér hugtakið sjálfbærni og temji sér hugsun og vinnubrögð með sjálfbærni að leiðarljósi.
- geti skilgreint hugtakið vistkerfi.

- átti sig á hvernig breytingar á einum þætti (ólífrænum sem lífrænum) í vistkerfi hafa áhrif á aðra þætti.
- þekki helstu hringrásir og lífsferla náttúrunnar, s.s. vatnshringrásina, fæðukeðjur og efnahringrásir.
- geri sér grein fyrir fjölbreytni lífvera í fersku vatni, helstu einkennum, lífsháttum og atferli.
- geri sér grein fyrir að ýmis utan að komandi efni eru lífríkinu skaðleg.
- átti sig á hvernig maðurinn getur haft áhrif á lífríki ferskvatnsvistkerfa.
- átti sig á skynsamlegri nýtingu ferskvatnsvistkefa.

Við lestur námsefnis verða notaðar aðferðir eins og samlestur, gagnvirkur lestur og heimalestur.

Orð-af-orði kennsluhugmyndir/-aðferðir (KVL, hugtakagreininng, hugtakakort, Vennkort o.fl.) verða notaðar til að efla hugtakaskilning og orðaforða í greininni. Í verkefniavinnu nota nemendur ýmsar leiðir til lausna, s.s. leitarnám, þemavinnu, vattvangsathugthuganir, eintklingsvinnu sem og para- og hópvinnu. Nemendur vinna ýmis verkefni í vinnubók auk veggspjalda, bæklinga, ritgerða, glærusýninga og leikþátta allt eftir því hvað best hentar hverju viðfangsefni. Umræður miða að því að efla skoðanaskipti nemenda og tjáningu.

Leitast verður við að tengja grunnþætti Aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í viðfangsefni og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- *Læsi* tengist allri vinnu nemenda með texta, orðaforða og hugtök.
- *Lýðræði og mannréttindi og jafnrétti* tengjast samvinnu nemenda, para- og hópavinnu. Nemendur þurfa að geta unnið með öllum og tekið tillit til þess að hæfni nemenda er misjöfn.
- *Sjálfbærni* tengist því að nemendur fá tækifæri til að takast á við ágreiningsefni og álitamál og beri sameiginlega ábyrgð á verkefnum sem unnin eru í samvinnu.
- *Heilbrigði og velferð* tengist félagslegri vellíðan og tjáningu nemenda. Í náttúrufræðikennslu verða nemendur þjálfaðir í tjáningu og unnið að því að styrkja sjálfstraust þeirra.
- *Sköpun* tengist verkefnavinnu af ýmsum toga. Nemendur vinna verkefni þar sem sköpunarhæfileikar þeirra fá að njóta sín.

Námsefni

- *Lífríkið í fersku vatni*
- *Myndbönd sem tengjast ferskvatnsvistkerfum*
- Annað efni frá kennara

Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat/verkefnaskil

Ágúst 5. kest.	Gerðir ferskvatns- vistkerfa, einkenni og flokkun straumvatna.	Lífrikið í fersku vatni. Bls. 5-10	Lestur, vinnubókar- verkefni – teikningar, Orð af orði – hugtaka- kort, hugtakagreining.
September 12 kest.	Eiginleikar vatns, vatnshringrásin í náttúrunni og grunnvatn. Lífverur í fersku vatni – bakteríur, þörungar og vatnablöntur.	Bls. 11-16 Bls. 38-41	Lestur, vinnubókar- verkefni – teikningar, Orð af orði – hugtaka- kort, hugtakagreining. Tilraunir – sýrustigs- mælingar, úrvinnsla niðurstaðna.
Október 13 kest.	Dýr sem lifa í verskvatni og/eða dýr sem sækja fæðu sína í ferskt vatn.	Bls. 26-41	Lestur, vinnubókar- verkefni – teikningar, Orð af orði – hugtaka- kort, hugtakagreining. Ritgerð.
Nóvember 12 kest.	Samfélög ferskvatns- vistkerfa – samspil, breytingar og stofnar. Vistkerfi Þingvallavatns.	Bls. 42-47 Bls. 49-53	Lestur, vinnubókar- verkefni – teikningar, Orð af orði – hugtaka- kort, hugtakagreining. sérfræðingahópar. Umræður.
Desember 6 kest.	Vistkerfi og vatnasvið Vesturdalsár – frá Arnarvatni til Lónaóss.	Þar sem heimildir er að finna.	Lestur, veggspjalda- vinna, heimildavinna.
Janúar 4 kest.	Vesturdalsá – framhald.	Þar sem heimildir er að finna.	Lestur, veggspjalda- vinna, heimildavinna.
		Myndbönd sem styðja efnið notuð með þegar henta þykir.	

Námsmat

Símat, leiðsagnarmat, jafningjamat og sjálfsmat. **Matsþættir:** Vinnubók, önnur verkefni, frágangur og vandvirkni, vinnusemi, þrautseigja, sjálfstæði í vinnubrögðum, samstarfsvilji og þátttaka í umræðum.

Samfélagsfræði

Hæfniviðmið/námslýsing Að nemendur kynnist Norðurlöndunum, þekki og geti fjallað um þau lönd sem tilheyra þeim. Að nemendur kynnist þekktum atburðum og tímabilum úr Íslandssögunni.			
Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat/verkefnaskil
Ágúst	Skólabúðir á Reykjum Kynning á námsefninu	Norðurlönd	
September	Norðurlönd, bls. 4-25: Kort og loftmyndir, almennt um Norðurlönd	Norðurlönd lesbók og vinnubók. Orð af orði. Kortabók	Símat: Virkni, einstaklings- og hópverkefni
Október	Noregur og Svíþjóð, bls. 28-41	Norðurlönd lesbók og vinnubók. Orð af orði.	Símat: Virkni Stutt verkefni
Nóvember	Finnland, Álandseyjar og Danmörk, bls. 42-51	Norðurlönd lesbók og vinnubók. Orð af orði.	Símat: Virkni Stutt verkefni
Desember	Klára ef eitthvað er á eftir áætlun. Jólahefðir á Norðurlöndum	Norðurlönd lesbók og vinnubók. Orð af orði.	Símat: Virkni, stutt verkefni
Janúar	Færeyjar og Grænland, bls. 52-65	Norðurlönd lesbók og vinnubók. Orð af orði.	Símat: Virkni Stutt verkefni
Febrúar	Samar, bls. 66-69 Lokaverkefni – Eitt land á hóp, umfjöllun.	Norðurlönd lesbók og vinnubók. Orð af orði.	Símat: Virkni, lokaverkefni
Mars	Saga – Vinnulotur Tyrkjaránið	Efni frá kennara og af vef. Nemendur leita heimilda og vinna verkefni.	Símat: Virkni, lokaverkefni lotu
Apríl	Saga – Vinnulotur Galdrafárið á Íslandi	Efni frá kennara og af vef. Nemendur leita heimilda og vinna verkefni.	Símat: Virkni, lokaverkefni lotu
Maí	Saga – Vinnulotur Móðuharðindin	Efni frá kennara og af vef. Nemendur leita heimilda og vinna verkefni.	Símat: Virkni, lokaverkefni lotu

Námsmat

Námsmat er símat þar sem unnið er í stuttum lotum og verkefni unnin í hverri lotu, einstaklings- eða hópverkefni. Ekki er lokapróf í áfanganum.

Virkni nemenda er hluti af lokaeinkunn.

Lífsleikni

Upp- og tölvutækni

Hæfniviðmið/námslýsing

Að nemendur

- læri að nýta sér algeng forrit á borð við Word, Powerpoint og Excel í námi og starfi, geti sett upp verkefni og kynnt fyrir samnemendum
- kynnist grunnþáttum forritunar og nýti til þess ýmis smáforrit í spjaldtölvum og kennsluforrit á borð við Alice
- munu einnig vinna með Microbit forritunartölvu við fjölbreytt verkefni
- æfist í fingrasetningu og nái viðunandi hraða og tækni í ritvinnslu

Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat/verkefnaskil
Ágúst	Skólabúðir á Reykjum		
September	Ritvinnsla, fingrasetning	Gagnvirk forrit á vef	
Október	Word, ritvinnsla	Samþætting við aðrar námsgreinar þar sem nemendur vinna verkefni í Word og skila	Símat: Virkni og skilaverkefni
Nóvember	Powerpoint, ritvinnsla	Samþætting við aðrar námsgreinar þar sem nemendur vinna verkefni í Powerpoint og kynna fyrir kennara og samnemendum	Símat: Virkni og skilaverkefni
Desember	Forritun	Unnið með Microbit smátölvu og önnur kennsluforrit.	Símat: Virkni og skilaverkefni
Janúar	Forritun	Unnið með Microbit smátölvu og önnur kennsluforrit.	Símat: Virkni og skilaverkefni

Námsmat

Námsmat byggir á virkni í kennslustundum og skilaverkefnum sem nemendur skila til kennara og í einhverjum tilfellum kynna fyrir kennara og samnemendum.

Myndmennt**Hæfniviðmið/Námslýsing**

Nemendur kynntir fyrir mismunandi aðferðum myndlistar. Tvær samliggjandi kennslustundir í viku, 40 mín í senn.

Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat/verkefnaskil
September	Portrett, rétt hlutföll í andliti. Teiknað eftir fyrirmynd.	Efni frá kennara.	símat
október	Unnið með laufblöð, þurrkuð og máluð og sett upp sem listaverk. Litahringur, unnið með bláan lit. Vatnslitir	Efni frá kennara.	símat
Nóvember	Litahringur, unnið með bláan lit. Vatnslitir.	Efni frá kennara.	símat
Desember	Jólaþema.		

Námsmat

Símat í formi virkni, hegðunar og frágangs. Lykilhæfniviðmið er haft til hliðsjónar.

Smíði/málmsmíði**Hæfniviðmið/námslýsing**

Stefnt er að því að nemendur geti:

- notað einfaldar aðferðir greinarinnar
- unnið eftir einföldum leiðbeiningum
- beitt nokkrum gerðum af handverkfærum
- gert sér grein fyrir hvenær frágangur er vandaður
- þekkt smíðaefni sem unnið er með

- tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skyssu
- læri að hefla með handhefli
- læri að nota súluborvél
- fjallað um þrívíð form
- þjálfast í að meta eigin verk
- gert sér grein fyrir vinnuferli, þ.e. hvernig lítil hugmynd verður að fullunnu verki
- þjálfist í að nota hugtök og heiti sem tengjast viðfangsefnum greinarinnar

Megin tilgangur list- og verkgreina er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkfærni, sköpunarkraft, samhæfingu hugar og handar og ólíkra tjáningarleiða. Nemendur smíða einfalda hluti úr tré. Saga, pússa, líma, skrúfa eða negla. Mála og eða lakka. Hafa möppur til að halda utan um verkefni og teikningar.

Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat/verkefnaskil
Ágúst 2 X 40 mín.	Nemendur teikna kassa með rekkiloki í þrívídd og málsetja hann.	Leiðbeiningar frá kennara.	Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.
September 4 X 40 mín.	Nemendur byrja að efna niður í kassann.	Leiðbeiningar frá kennara.	Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.
Október 4 X 40 mín.	Nemendur setja kassann saman og sníða lokið á hann.	Leiðbeiningar frá kennara.	Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.
Nóvember 4 X 40 mín.	Kassinn málaður og etv. Skreyttur líka.	Leiðbeiningar frá kennara.	Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.
Desember 2 x40 mín.	Nemendur smíða eitthvað jólalegt.	Leiðbeiningar frá kennara.	Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.
Janúar 2 X 40 mín.	Nemendur hanna hlut sem er síðan steypur úr tini.	Leiðbeiningar frá kennara.	Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.
Febrúar			Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.
Mars			Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.
Apríl			Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.

Maí			Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.
-----	--	--	--

Námsmat Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.
--

Textílmennt

Hæfniviðmið/námslýsing

Stefnt er að því að nemendur geti:

- notað sjálfstæð vinnubrögð
- kynnist eiginleikum efna sem unnið er með
- þjálfast í að taka mál af líkama og ákveða stærðir
- lært að taka upp snið og sníða fík
- áætlað efnisþörf
- saumað flóknari flík t.d. hettupeysu
- tamið sér skipulögð og vönduð vinnubrögð
- sýnt fram á sjálfstæði í lita- og efnisvali við eigin sköpunarverk
- samið gróflega vinnuáætlun áður en byrjað er á viðfangsefni
- nýtt vel efni og garn sem unnið er með
- eflt þekkingu sína á verkmennt sem stuðlar að hagkvæmum vinnubrögðum og færni til að verða sjálfbjarga í verki
- gert sér grein fyrir að mistök og tilviljanir geta leitt til óvænts árangurs
- upplifað sköpunargleði við útfærslu eigin hugmynda
- notað handbækur greinarinnar og hugtök og heiti textílgreinarinnar
- sett textílvinnu og textílverk í samhengi við sögu, samfélag og listir
- þjálfast í að skoða og meta fullunna afurð sína og annarra og tjáð sig munnlega um verkin
- gert sér grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum
- sýnt fram á sjálfstæði í lita- og efnisvali við eigin sköpunarverk

Megin tilgangur list- og verkgreina er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkfærni, sköpunarkraft, samhæfingu hugar og handar og ólíkra tjáningarleiða. Nemendur sauma út og hekla verkefni eftir vali. Nemendur sauma einfalda flík og fá þjálfunarverkefni tengd saumavélinni. Nemendur vinna verkefni þar sem reynir á þekkingu á hugtökum sem tengjast textílmennt og færni þeirra til að nýta sér þau.

Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat/verkefnaskil
Ágúst 2 X 40 mín.	Nemendur búa til forsíðu á möppu. Þeir læra að taka mál af hvort öðru.	Leiðbeiningar frá kennara.	Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.

September 4 X 40 mín.	Nemendur búa til snið af peysu.	Leiðbeiningar frá kennara.	Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.
Október 4 X 40 mín.	Nemendur sníða peysu.	Leiðbeiningar frá kennara.	Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.
Nóvember 4 X 40 mín.	Nemendur sauma peysuna.	Leiðbeiningar frá kennara.	Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.
Desember 2 X 40 mín.	Nemendur sauma peysuna.	Leiðbeiningar frá kennara.	Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.
Janúar 2 X 40 mín.	Nemendur sauma peysuna.	Leiðbeiningar frá kennara.	Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.

Námsmat

Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.

Heimilisfræði

Hæfniviðmið/námslýsing

Nemendum er skipt í þrjá hópa, a – b og c. Í hverri viku eru tveir hópar í heimilisfræði. Fyrstu þrjár vikur mánaðarins eru verklegir tímar en í síðasta tíma mánaðar eru allir saman í bóklegum tíma.

Kennslufni er *Gott og gagnlegt-heimilisfræði fyrir 7. bekk* auk ýmissa uppskrifta frá kennara.

Nemendur kynnast bakstri og matreiðslu, almennum heimilisverkum og mikilvægi næringar fyrir líkamann, hreinlætis og meðferð matvæla.

Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat/verkefnaskil
Ágúst	Skólabúðir á Reykjum Bóklegur tími – mikilvægi næringar	Gott og gagnlegt, les- og vinnubók	Virkni.
September	Vika 1 – a og b súkkulaðikaka Vika 2 – a og c, súkkulaðikaka og múslibollur Vika 3 – b og c Múslibollur og grænmetissúpa Vika 4 – Allir í bóklegu		Virkni

Október	Vika 1 – a og b Hjónabandsæla Vika 2 – a og c pönnukökur og hjónab.sæla Vika 3 – b og c Pönnukökur Vika 4 – Allir í bóklegu	Stika 3a, bls. 25 – 28. Stika 3a, bls. 36 – 51.	Virkni
Nóvember	Vika 1 – a og b Fiskréttur Vika 2 – a og c Fiskréttur og pastaréttur Vika 3 – b og c Pastaréttur Vika 4 – Allir bóklegt Vika 5 – a og c piparkökur	Stika 3a, bls. 52 – 56. Stika 3a, bls. 64 – 81.	Virkni
Desember	Vika 1 – b og c piparkökur og mála Vika 2 – a og b mála piparkökur	Stika 3a, bls. 82 – 88. Stika 3a, bls. 96 – 104.	Virkni
Janúar	55	Stika 3a, bls. 105 – 122.	Virkni

Námsmat

Virkni, heimadæmi, hópverkefni, paraverkefni, kaflakannanir og annarpróf.

Íþróttir

Hæfniviðmið/námslýsing

Námið fer að einhverjum hluta fram í leikjaformi en aðallega er lögð áhersla á kennslu í einstaka íþróttagreinum og almennri líkamsrækt. Kennsla í körfubolta, fótbolta, handbolta, badminton og blaki heldur áfram ásamt áframhaldandi kynningum á frjálsum íþróttum. Lögð er áhersla á að þjálfar þol og styrk nemenda, jafnvægi, lipurð og samhæfingu. Auk þess læra nemendur rétt viðhorf í hópíþróttum.

Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat/verkefnaskil
Ágúst	Körfubolti, fótbolti, leikfimi, leikir og þrek	Ýmislegt	Símat: Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun.

September	Körfubolti, leikir, fótbolti, badminton og þrek	Ýmislegt	Símat: Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun.
Október	Körfubolti, leikir og þrek	Ýmislegt	Símat: Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun.
Nóvember	Badminton, blak, frjársar, leikir og þrek	Ýmislegt	Símat: Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun.
Desember	Badminton, körfubolti, fótbolti, leikir og þrek	Ýmislegt	Símat: Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun.
Janúar	Badminton, handbolti, fótbolti, leikir og þrek	Ýmislegt	Símat: Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun.
Febrúar	Fótbolti, handbolti, blak, frjársar, leikir og þrek	Ýmislegt	Símat: Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun.
Mars	Körfubolti, fótbolti, badminton, leikir og þrek	Ýmislegt	Símat: Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun.
Apríl	Körfubolti, badminton, leikir og þrek	Ýmislegt	Símat: Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun.
Maí	Fótbolti, leikir og þrek.	Ýmislegt	Símat: Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun.

Námsmat

Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun eru matsþættir sem íþróttakennari metur jafnt og þétt yfir önnina. Nemandi fær einkunn sem er reiknuð út úr matsþáttunum